

Ár 2022, þriðjudaginn 8. mars, er fundur haldinn í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík, af nefndarmönnum Gunnari Guðmundssyni, Björgu Ástu Þórðardóttur og Helga R. Magnússyni.

Fyrir er tekið málið nr. 1/2022:

Knattspyrnudeild UMFG gegn Knattspyrnudeild KA

Gögn málsins liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svofelldur

ÚRSKURÐUR:

I.

Aðilar máls:

Knattspyrnudeild UMFG, kt. 581090-2349
Fyrirsvarsmaður: Jón Júlíus Karlsson

Knattspyrnudeild KA, kt. 510991-1849
Fyrirsvarsmaður: Sævar Pétursson

II.

Málsatvik:

Laugardaginn 12. febrúar 2022 fór fram leikur Grindavíkur og KA í Lengjubikarkeppni karla. Í leiknum, sem endaði með sigri KA með tveimur mörkum gegn engu, var alls þremur leikmönnum skipt inná í liði Grindavíkur og alls sex leikmönnum skipt inná í liði KA. Hlutfall leikmannaskipta hjá Grindavík í síðari hálfleik voru tvær skiptingar en hlutfall leikmannaskipta hjá KA í síðari hálfleik voru fimm skiptingar.

Þann 15. febrúar sl. barst aga- og úrskurðarnefnd KSÍ kæra frá knattspyrnudeild UMFG þar sem þess er krafist að aga- og úrskurðarnefnd taki málið til umfjöllunar og dæmi í málinu skv. lögum KSÍ. Knattspyrnudeild KA var boðið að halda uppi vörnum í máli þessu og barst greinargerð til aga- og úrskurðarnefndar frá KA þann 22. febrúar 2022. Í greinargerð sinni gerir knattspyrnudeild KA þá kröfu að málinu verði vísað frá aga- og úrskurðarnefnd, en til vara að kröfu knattspyrnudeildar UMFG verði hafnað.

Í kæru knattspyrnudeildar UMFG sem barst aga- og úrskurðarnefnd KSÍ þann 15. febrúar kemur m.a. eftirfarandi fram:

„KA gerir 5 skiptingar í síðari hálfleik þegar hámarksfjöldi er 4 talsins. Alls gerir KA sex skiptingar í leiknum en fimm eftir að síðari hálfleikur er hafinn. Vísað er í reglugerð um deildarbikarkeppni karla sem gefin var út í janúar 2022.

5.2. Heimilt er að skrá 18 leikmenn á leikskýrslu í hverjum leik, 11 sem hefja leikinn og 7 varamenn. Heimilt er að skipta öllum varamönnum inn á í hverjum leik með þeirri takmörkun að aðeins er heimilt að gera að hámarki 4 skiptingar í síðari hálfleik (og/eða framlengingu þegar við á).

Skv. reglugerð er óheimilt að gera 5 skiptingar eftir að síðari hálfleikur er hafinn.“

Með greinargerðinni fylgir vefslóð á leikskýrslu leiks Grindavíkur og KA í Lengjubíkarkeppni KSÍ sem fram fór þann 12.02.2021 ásamt skjáskotum af umræddum skiptingum.

Í greinargerð sem barst frá knattspyrnudeild KA kemur m.a. eftirfarandi fram:

„Hinn kærði Knattspyrnudeild KA kt 510991-1849 fer fram á frávísun á málinu þar sem Reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál frá apríl 2021 segir í gr. 6.2. (d) reglugerðarinnar að þar þurfi að koma fram “skýr kröfugerð”. Er þar með vísað til þess að skýr kröfugerð skuli tilgreina hver krafa kæranda er t.d. 3-0 sigur, til vara að leikurinn sé spilaður aftur o.s.frv.

Þar sem ekki er skýr krafa um kröfugerð fer kærði fram á frávísun á málinu. Það er ekki hlutverk aga- og úrskurðarnefndar að taka málið til umfjöllunar heldur dæma í málinu samkvæmt kröfugerð kæranda.

Til vara vísar hinn kærði í úrskurð í máli 4/2021. Þar er um sambærilegt mál að ræða þar sem gerð eru mistök við inn á skiptingar í bikarleik Víkings og FH. Þar er niðurstaðan sú að vísað er til þess að um mistök dómara við stjórn leikmannaskiptinga höfðu ekki áhrif á úrslit leiks að mati aga- og úrskurðarnefndar og taldi því nefndin að ekki væri unnt að skýra afleiðingar brots á þann hátt að ógilda ætti úrslit leiksins. Sannarlega hafði sú skipting sem um ræðir í þessu máli engin úrslitaráhrif á niðurstöðu leiksins en hún var gerð á 91 mín leiksins er staðan var 2-0 sem urðu lokatölur leiksins.

Samkvæmt grein 5.2 í knattspyrnulögunum ber dómara að gera sitt besta til þess að taka ákvarðanir í samræmi við knattspyrnulögin og anda leiksins. Samkvæmt 6. gr. Knattspyrnulaganna er hlutverk aðstoðardómara m.a. að fylgjast með því að leikmannaskipti fari fram með réttum hætti. Reynist ákvörðun aðaldómara og eða aðstoðardómara röng, eftir að leikur er hafinn að nýju, verður þrátt fyrir það að ganga út frá því að ákvörðun dómara sé endanleg.

Hér verður að horfa til þess að um mistök dómara við leikstjórn er að ræða, sem hefur engin áhrif á úrslit leiksins.“

III.

Niðurstaða:

Mál það sem hér er til meðferðar fyrir aga- og úrskurðarnefnd KSÍ snýst m.a. um túlkun á grein 5.2. reglugerðar KSÍ um deildarbíkarkeppni karla um leikmannaskipti í deildabíkarkeppni KSÍ. Ákvæðið er svohljóðandi; „*Heimilt er að skrá 18 leikmenn á leikskýrslu í hverjum leik, 11 sem hefja leikinn og 7 varamenn. Heimilt er að skipta öllum varamönnum inn á í hverjum leik með þeirri takmörkun að aðeins er heimilt að gera að hámarki 4 skiptingar í síðari hálfleik (og/eða framlengingu þegar við á).*

Af orðalagi ákvæðis 5.2. verður ráðið að félagi sé heimilt í hverjum leik í deildarbíkarkeppni karla að skipta öllum sjö varamönnum sínum inná, með þeirri takmörkun að aðeins sé að hámarki hægt að skipta fjórum varamönnum inná síðari hálfleik. Ekki er um það deilt á milli málsaðila að í leik Grindavíkur og KA, í deildarbíkarkeppni KSÍ þann 12. febrúar sl., hafi KA skipt fimm varamönnum inná í síðari hálfleik. Leikskýrsla dómara leiksins staðfestir einnig að svo hafi verið. Þar með hafi KA notað fleiri leikmannaskiptingar í síðari hálfleik en heimilt er samkvæmt

nefndri grein 5.2. í reglugerðar KSÍ um deildarbikarkeppni karla, án þess þó að hafa farið gegn reglu um tiltekin heildarfjölda varamanna sem heimilt er að setja inná í hverjum leik.

Eins og mál þetta er vaxið liggur fyrir að á fyrstu mínútu uppbótartíma í leik Grindavíkur og KA var leikur stöðvaður til að skipta inná fimmta varamanni KA í síðari hálfleik. Í greinargerð KA segir að horfa verði til þess að um mistök dómara við leikstjórn sé að ræða sem engin áhrif hefðu haft á úrslit leiks. Ákvörðun dómara sé endanleg og því beri að hafna kröfum kæranda. Til frekari rökstuðnings vísar hinn kærði í úrskurð aga- og úrskurðarnefndar KSÍ í máli nr. 4/2021.

Að mati aga- og úrskurðarnefndar liggur ljóst fyrir að umrædd leikmannaskipti, á fyrstu mínútu í uppbótartíma leiks Grindavíkur og KA, hafi verið framkvæmd með heimild frá dómara leiksins. Kærði hafði á þeim tíma þegar skipt fjórum varamönnum inná í síðari hálfleik. Vitnisburður sem borist hefur til nefndarinnar frá aðstoðardómara í leiknum skýrir frá misskilningi á milli dómara leiksins um leikmannaskipti í leiknum. Þá kemur fram í vitnisburði aðstoðardómara, að beðist sé afsökunar á misskilningi sem hafi orðið í leiknum, sem eigi ekki að gerast.

Samkvæmt grein 5.2. knattspyrnulaganna [Laws of the Game] ber dómara að gera sitt besta til þess að taka ákvarðanir í samræmi við knattspyrnulögin og anda leiksins og þær munu byggjast á mati dómarans á aðstæðum og því svigrúmi sem rammi laganna veitir honum. Samkvæmt 6. gr. knattspyrnulaganna er hlutverk aðstoðardómara m.a. að fylgjast með því að leikmannaskipti fari fram með réttum hætti. Reynist ákvörðun aðaldómara eða aðstoðardómara röng, eftir að leikur er hafinn að nýju, verður þrátt fyrir það að ganga út frá því að ákvörðun dómarans sé endanleg.

Reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál er sett með stoð í 31. gr. laga KSÍ og samkvæmt agareglum FIFA (FIFA Disciplinary Code). Agareglur FIFA eru ákvæðum reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál til fyllingar eftir því sem við á skv. 23. gr. Vísar nefndin í c) lið 4. mgr. 46. greinar agareglugerðar FIFA (FIFA Disciplinary code), þar sem fram kemur að kæra vegna augljósra mistaka dómara í leik megi aðeins beinast gegn agaviðurlögum sem leiða af mistökum dómara. Að öðrum kosti verður kærumáli vísað frá.

Með vísan til framangreinds og með vísan til þess að mistök dómara við stjórn leikmannaskiptinga höfðu ekki áhrif á úrslit leiks og kæra beinist ekki gegn agaviðurlögum sem leiða af mistökum dómara er það mat aga- og úrskurðarnefndar að ekki sé annað unnt en vísa máli þessu frá aga- og úrskurðarnefnd KSÍ.

IV.

Úrskurðarorð:

Máli þessu er vísað frá aga- og úrskurðarnefnd KSÍ.

Um Áfrýjun:

Samkvæmt grein 16.3. í reglugerð KSÍ um aga-og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ 3 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.

Gunnar Guðmundsson [sign]

Björg Ásta Þórðardóttir [sign]

Helgi R. Magnússon [sign]